

**Nd.**

**136. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 53, frá 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

Fyrri málsgrein 2. gr. laganna orðist svo :

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu, skal jafnan skifta sólarhringum i 3 vökur. Skulu  $\frac{2}{3}$  hlutar háseta skyldir að vinna í einu, en  $\frac{1}{3}$  hluti þeirra eiga hvíld, og skal svo skifta vökum, að hver háseti hafi að minsta kosti 8 klst. óslitna hvíld í sólarhring hverjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

### Greinargerð.

Lögin um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum hafa nú verið í gildi rúm 5 ár. Reynsla sú, sem komin er af lögum þessum, er sú, að þau hafi verið mjög hagkvæm fyrir útgerðina, jafnframt því, sem þau hafa trygt hásetunum ákveðna hvíld í hverjum sólarhring. Sú mótstaða, sem í fyrstu var gegn lögnum, er nú að mestu horfin, og er það nokkur viðurkenning á því, að þau hafi verið rjettmæt, svo langt sem þau ná. Næstum undantekningarlaust tala skipstjórnarnir um lögin sem þörf og nauðsynleg.

En reynslan hefir jafnframt sýnt, að hvíld sú, sem hásetum er ætluð eftir lögnum, er ófullnægjandi. Hinn eiginlegi hvíldartími þeirra verður oftast ekki nema 4—5 klst. á sólarhring. Matartími er oft innifalinn í hvíldartímanum, og ennfremur sá tími, sem fer hjá hásetum til þvottar, áður en þeir leggjast til hvíldar. Sú regla mun einnig almenn, að hásetum sje haldið á þilfari í 18 tíma samfleytt, þótt ekki sje vegna mikilla aflabragða. Nú er alltítt, að skip er stöðugt við veiðar alt að 10 sólarhringum, og stundum jafnvel lengur. Það er því augljóst, að 4—5 tíma hvíld og svefn á sólarhring hverjum er alt of lítið fyrir hvern meðalmann á svo löngum tíma. Hásetar hafa oft og einatt kvartað undan ofþreytu og svefnleysi, þegar veðráttu og aflabrögð hafa haft í för með sjer stöðugt framhald vinnunnar.

Breyting sú, sem frv. fer fram á, er að tryggja hásetum 8 tíma hvíld, eða eins og það verður í framkvæmd 6—7 tíma svefn á hverjum sólarhring.

Með því á að tryggja það, að vinnuorku háseta sje ekki misboðið, og mundi það að jafnaði hafa í för með sjer, að vinnan gengi betur en nú, svo að samskonar reynsla mundi eftir nokkurn tíma fást af þessum lögum eins og fengist hefir hingað til af hvíldarlögnum.

En þess ber jafnframt að gæta, að líf, heilsa og vinnuorka togaraháseta endist skemur en flestra manna annara, og bera reyndir læknar hjer í bæ það. Löggjöfin á að ráða bót á slíkum meinsemdum. Ýmsir atvinnurekendur meðal stórbjóðanna fallast á lengingu hvíldartímans, og það langt fram yfir það, sem hjer er farið fram á. Nægir í þessu efni að benda á Ford, stóriðjuhöld í Bandaríkjunum, sem fyrir nokkru er farinn að reka skipaútgerð og befir ákveðið 8 tíma vinnudag á skipum sínum. Nokkur ríki hafa þegar lögboðið 8 tíma vinnudag á sjónum fyrir farmenn sína. Siglinganefnd Þjóðabandalagsins vinnur kappsamlega að því að fá ríkin, sem í bandalaginu eru, til að ákveða 8 tíma vinnu-

dag á sjónum. En frv. fer aðeins fram á 8 tíma vinnuhvild fyrir íslenska sjómenn, sem beita orku sinni til að auka fiskiframleiðslu landsins.

Frv. þetta er fram komið vegna óska Sjómannafjelags Reykjavíkur, og fylgja því áskoranir frá á 5. hundrað starfandi háseta á togurunum um, að það verði að lögnm.